

**68. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn í Svörtuloftum, fundarsal í ráðhúsi Vesturbyggðar þriðjudaginn 17.
október 2023 og hófst hann kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Jón Árnason (JÁ), Guðlaugur Jónsson (GJ) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Anna Vilborg Rúnarsdóttir (AVR), Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ) og Þórdís Sif Sigurðardóttir (ÞSS).

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar

Dagskrá:

1. Brunavarnir í Vesturbyggð og á Tálknafirði - 2110028

Á fundinum verður lagður fram til umfjöllunar samningur sveitarfélaganna við Brunavarnir Suðurnesja um framkvæmd á eldvarnareftirliti út júní 2024.

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps felur sveitarstjóra að klára drögin að samning við Brunavarnir Suðurnesja um að sinna eldvarnareftirliti í sveitarfélögunum. Nefndin vísar samningnum til staðfestingar í sveitarstjórn Tálknafjarðahrepps og bæjarstjórn Vesturbyggðar.

2. Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði - 2212024

Á fundinum verður lagður fram til umfjöllunar samningur um starfsemi framhaldsdeildar FSN á Patreksfirði.

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps fagnar því samstarfi sem samningurinn felur í sér. Samráðsnefnd leggur til við sveitarstjórn Tálknafjarðahrepps og bæjarstjórn Vesturbyggðar að staðfesta samninginn fyrir hönd sveitarfélaganna og að samningurinn gildi til loka skólaársins 2024/2025.

3. Reglur um útleigu veislusalár á Minjasafni Egils Ólafssonar - 2306076

Reglur um útleigu veislusalár/kaffiteríu á Minjasafni Egils Ólafssonar. Mál frá 67. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps sem fór fram 28.06.2023.

Samþykkt gjaldskrá vegna leigu á sal í Minjasafninu að Hnjóti utan opnunartíma safnsins.

4. Tilnefning í fulltrúaráð og framkvæmdaráð - 2310024

Tilnefning fulltrúa í framkvæmdaráð sérhæfðrar Velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Erindi frá Ísafjarðarbæ dags. 11.10.2023.

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps leggur til við sveitarstjórn Tálknafjarðahrepps og bæjarráð Vesturbyggðar að Þórdís Sif Sigurðarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar verði tilnefnd sem fulltrúi sveitarfélaganna í framkvæmdaráði sérhæfðrar Velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

5. Stefnumótun lagareldis - 2307002

Matvælaráðuneytið hefur kynnt til samráðs mál nr. 182/2023, "Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040". Umsagnarfrestur er til og með 04.11.2023.

Samráðsnefndin fagnar því að stefnumótun um uppbyggingu og umgjörð lagareldis sé komin fram. Samráðsnefndin er sammála um að gera sameiginlega umsögn að stefnumótuninni. Samráðsnefndin leggur til við bæjarráð Vesturbyggðar og sveitartjórn Tálknafjarðarhrepps að gerð verði sameiginleg umsögn.

6. Samgönguáætlun 2024-2038 - 2306080

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur sent til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál. Umsagnarfrestur er til 26.10.2023. Undir þessum lið verður rætt um vetrarþjónustu á þjóðvegum í framhaldi af samráðsfundi Vegagerðarinnar sem fór fram á Ísafirði 09.10.2023.

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps fer fram á endurskoðun reglna á vetrarþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum í ljósi aukinnar umferðar og slæms ástands vegakerfisins, með það að leiðarljósi að þjónustutími verði lengdur. Um er að ræða vegi sem tengja saman samfélög innan Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps annars vegar og hins leiðir sveitarfélagsins til höfuðborgarsvæðisins. Hvort sveitarfélag fyrir sig mun gera umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038. Samráðsnefndin óskar eftir upplýsingum frá Vegagerðinni hvenær von er á því að ferjusiglingar Baldurs haldi áfram eftir, en gamli Baldur hefur hætt starfsemi og beðið er eftir að næsti Baldur komi hefji ferjusiglingar.

7. Minjasafn Egils Ólafssonar, fjárhagsáætlun 2024 - 2310036

Umfjöllun um fjárhagsáætlun Minjasafns Egils Ólafssonar fyrir árið 2024.

Málið rætt og vísað til umfjöllunar í sveitarstjórnnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.15:30.

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Jón Árnason (JÁ)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Anna Vilborg Rúnarsdóttir (AVR)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Þórdís Sif Sigurðardóttir (ÞSS)